



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	10. fundur stjórnar KLÍ 2021-2022
Staðsetning:	Salur A ÍSí/Netfundur
Hvenær:	12.febrúar 2022 kl.12
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Gjaldkeri Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (GHK) Ritari Skúli Freyr Sigurðsson (SFS) Meðstjórnandi Svavar Þór Einarsson (SPE) Varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdarstjóri
Boðuð forföll:	Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Helga Hákonardóttir (HH) Varamaður Hörður I Jóhannsson (HIJ) Varamaður
Fjarverandi:	
Fundarritari:	GHK

Fundargerð

- Fundargerð samþykkt

Framkvæmda- og Íþróttastjóri

- Tillaga um verkferli að Íþróttastjóri láti þá sem valdir eru í verkefni fá upplýsingar um inneign hjá sambandinu sendar í tölvupósti.
- Í síðustu viku var ákveðið að setja á HM U21 í Helsingborg og smá ves með skráningu. Engar upplýsingar komnar um hótél.
- Skoðað að senda afrekshóp kvenna í æfingabúðir til Svíðþjóðar.
- Bréf sem barst kemur til umræðu. Óánægja með að starfsmaður hafi ekki svarað tölvupóstum.
- Verið að ganga frá uppgjöri vegna RIG, unnið í að ná á þeim sem eiga inni.
- Á eftir að laga ársreikninga í samræmi við nýjustu tölur.

Gjaldkeri

- Almenn staða góð, erum frekar að fara uppá við en hitt.
- Aftekshópar eiga inneignir hjá okkur og einhverjir eru ekki í hópnum sem vekur spurningu um hvernig eigi að ráðstafa þessum peningum. Á að ráðstafa þessu til félaganna eða greiða til viðkomandi einstaklinga?
- JÁJ leggur til að tekin verði fyrir tillaga á þingi um vinnureglur varðandi þessi mál. Og jafvel að það verði fyrining á einhverjum x tíma. EJI setur saman tillögu vegna þessa.
- Hægt verði fyrir keilara að nálgast upplýsingar um hvað viðkomandi á inni.
- Öll félög eru skuldlaus við sambandið og ber að þakka gjaldkera góð störf.
- Drög að ársreikningi skoðaður og ræddur stuttlega, engin mótmæli eða óánægja með hann. EJI ætlar að senda rafrænt á stjórn.

RIG

- Illa gekk að selja auglýsingar og tekjur af riðlum var ofátlað og þarf að endurskoða það. Mikið brottfall spilara, þá sérstaklega erlendis frá vegna covid. Þátttaka í mótið mjög góð í heildina og spáð aukninni þátttöku á næsta ári. Fleiri þurfa að taka þátt í að safna styrkjum/auglýsingum. Hugmynd að hafa samband við Storm til styrkja.

- Spurning um samning vegna útsendinga á norðurlöndum, en þyrfti þá að gera breytingu á fyrirkomulagi móts, ekki góður hljómgrunnur fyrir því þar sem mótið er að ganga vel eins og það er uppsett. Möguleiki á að selja upptökur eða beinar útsendingar af mótinu.
- Erfitt fyrir áhorfendur að fylgjast með og sjá vel á brautirnar. Breytingar í Egilshöll gera erfiðara um vik að stilla vel upp til að allt komist haganlega fyrir og nægt pláss sé fyrir áhorfendur, tækjabúnað og starfsfólk í úrslitum.
- Úrslitin: Voru ca 20 mín styttri en umsaminn tími, bæta þarf hvernig við nýtum allan tímann sem við fáum útlhlutað. Kom ábending utanfrá að lengja upphitun úr 5 í 10 mín, í samræmi við það sem gert er erlendis að sögn. Annað sinn sem final step 1 er á miðvikudagskvöldi, sem er erfitt fyrir ungmennin. Ef þetta er fært til dagsins á eftir þarf að byrja amk 2 tímum fyrr.
- Leikmenn sem eru lengi eiga að fá áminningu, og við aðra áminningu núllast ramminn. Starfsfólk á gólfi þarf þá að vera vakandi og fylgja þessu eftir.
- Þarf að vera skýrari verkaskipting á mótinu um hver á að gera hvað, móttstjóri á að sinna móttstjórn og stýra fólkinu á gólfinu. JÁJ setur niður punkta um móttstjórn og sendir út.
- Umræða um hvernig best er að geyma gögn vegna mótsins.
- Boðið verður áfram uppá akstur erlendra keppenda, norðurljósaferðir og ferðir í Bláa lónið eða álika.
- Bowlers international journal ætlar að fjalla um mótið í næsta mánuði og hefur JÁJ verið í samskiptum við ritstjórnann vegna þess.

Komandi mót

- Íslandsmót m/forgjöf: Mótanefnd sendir á formenn þeirra félaga sem eiga að vera með mótaumsjón. ÞMP sér um verðlaun. Í breytingum sem komu til umræðu að samræma mótið við Íslandsmót einstaklinga var ekki breytt miðað við fjölda þátttakenda eins og gert er í Ísl.móti einstakling.
- Galli kom upp í Sportablar, 3 aðilar hafa ekki náð að greiða í gegnum appið.
- Var gert í fyrri í fyrsta skipti í mörg ár að afhenda blómvönd á einstaklingsmótum, ákveðið að taka þá hefð upp áfram.

Reglugerðir

- ÞMP leggur til breytingu á flokkaskiptingu í ungliðakeppnunum og þær samræmdar, er misræmi á milli þeirra í dag. ÞMP óskar eftir leyfi til að setja á laggirnar hóp með unglínganefnd og þjálfurum sem taka þetta mál til umræðu og breytinga. Samþykkt
- Lagt til að konur geti spilað í neðri deildum karla að sænskri fyrirmynd. Búin verði til blönduð lið. Setja þarf saman reglugerð sem leggja þarf fram til samþykktar.
- Reglugerð um KLÍ mót: Skoða þarf reglugerðina og gera breytingar. Skoða sænsku reglugerðina til viðmiðunnar og hvort við getum nýtt okkur hana.
- Umræða spannst um reglugerð mótanefndar og reglugerð um frestanir.

Önnur mál

- KHE vill að allir keilarar fái afslátt hjá þeim, spurning hvernig eigi að auðkenna þá. Áður fyrr voru gefin út keppnisskírteini, núna gefur KHE út árskort en ekki allir keilarar með þau. Spurning hvort við gerum þetta sjálf eða hvort KHE sjái um það. Búið að skoða verð á kortapakka, þá er spurning um að fá spons sem fær auglýsingu/logo á kortið. Ræða við KHE um þessar hugmyndir.
- Að eiga græjuna býður upp á ýmsa möguleika, en þá kemur á móti hvernig á að fjármagna þetta.
- Byrjað verður á að heyra í KHE með þetta mál.
- Mótanefnd bar á góma þar sem rætt var hvað væri í gangi og hver ástæða þess er að Formaður er orðinn einn eftir sitjandi í nefndinni. Talað var um samskiptaerfiðleika og lýsti formaður sinni upplifun á samstarfinu. Auk þess fara að rýmkast reglur vegna covid. Ósk um að fá lista yfir virka leikmenn hvers liðs auk venslasamninga milli liða á hagkvæmt form og allar upplýsingar aðgengilegar á einum og sama staðnum.

- JÁJ talar um að allt stefni í að þingið verði í ÍR heimilinu og mun ekki gefa kost á sér aftur í stjórn. Býður fram hjálp og vinnu í framtíðinni við einhver verkefni.

Fundi slitið kl.15.22